

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135 /107*  
*komudagur 7.11.2007*

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis  
Einar Farestveit  
nefndarritari  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 06. nóvember 2007  
2007100016/42-1-1  
SB/mfb

### **Umsögn um frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands**

Vísað er til bréfs sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar dags. 18. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Breytingin er við 9. gr. laganna, 1. og 2. máls. og miðar að því að styrkja heimild ráðherra til að vernda viðkvæm hafsvæði.

Náttúrufræðistofnun mælir með því að frumvarp þetta verði samþykkt óbreytt. Jafnframt minnir stofnunin á að heimildarákvæði 9. gr. ofangreindra laga koma til viðbótar friðlýsingarákvæðum laga um náttúruvernd nr. 44/1999, einkum 54. gr. um friðlýsingu náttúruvænna í hafi. Náttúrufræðistofnun telur eðlilegt og í takt við þróun í nágrennalöndum að auka friðlýsingar í hafi á grunni náttúruverndarlaga frekar en laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem eru fyrst og fremst nýtingarlög.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

